

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1996

Nr. 579

1486

8. nóvember 1996

GJALDSKRÁ

fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir ljósrit eða afrit af gögnum sem afhent eru samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga.

2. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum er heimilt að krefjast 5 kr. fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A-4 eða A-5, allt að 11 blaðsíðum, en 3 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram það.

Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A-3 er heimilt að krefjast 7 kr. fyrir hverja blaðsíðu og 9 kr. í stærðinni A-2.

3. gr.

Endurritun skjala.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

Afrit af öðrum gögnum.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfiljum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

5. gr.

Aðkeypt þjónusta.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna.

Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

Forsætisráðuneytinu, 8. nóvember 1996.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Kristján Andri Stefánsson.
REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk og selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0703.9001	Blaðlaukur	15.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	15.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.